

## AUGLÝSING

222

31. des.

### um staðfestar jarðræktarsamþykktir á Vestfjörðum.

Í samræmi við lög nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð frá 20. febrúar 1946 og jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða frá 21. febrúar 1947, hafa á árinu 1947 eftirtaldar jarðræktarsamþykktir hlotið staðfestingu:

1. Ræktunarsamþykkt fyrir 10. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða (Búnaðarfélag Nauteyrrarhrepps í Ísafjarðarsýslu), 22. maí 1947.
2. Ræktunarsamþykkt fyrir 1. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða (Búnaðarfélag Geiradalshrepps og Búnaðarfélag Reykhólahrepps, í Austur-Barðastrandarsýslu), 30. júlí 1947.
3. Jarðræktarsamþykkt fyrir 5. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða (Búnaðarfélag Rauðasandshrepps (Örlygur) og Búnaðarfélag Tálknafjarðarhrepps, í Vestur-Barðastrandarsýslu), 19. desember 1947.

*Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Árni G. Eylands.*

## REIKNINGUR

223

### Bjargráðasjóðs Íslands fyrir árið 1946.

#### A. Sjóðsreikningur.

	Innborgað:	
1. Sjóður í ársbyrjun:		
a. Bjargráðasjóður sveitarfélaga .....	kr. 1074321.28	
b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður .....	— 393352.48	
	-----	kr. 1467673.76
2. Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfélaga .....	— 32343.30	
3. Tillag úr ríkissjóði .....	— 32589.00	
4. Vextir af inneign í bönkum:		
a. Af innstæðum Bjargráðasjóðs sveitarfélaga ...	kr. 21413.79	
b. Af innstæðu hins sameiginlega Bjargráðasjóðs	— 8321.72	
	-----	29735.51
5. Vextir af verðbréfum hins sameiginlega Bjargráðasjóðs .....	— 9172.75	
6. Vextir af lánum (fallnir í gjalddaga á árinu, svo og dagv.):		
a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga ....	kr. 786.25	
b. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasjóði	— 517.00	
	-----	1303.25
7. Afborganir lána:		
a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga ..	kr. 4268.00	
b. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasjóði	— 3050.00	
c. Af verðbréfum hins sameiginl. Bjargráðasjóðs	— 28800.00	
	-----	36118.00
	-----	Samtals kr. 1608935.57